

LOKAGERÐ

Fulltrúar með fullt umboð

EVROPUBANDALAGSINS, er nefnist „bandalagið“ í því sem hér fer á eftir,

og eftirtalinna ríkja:

KONUNGRÍKISINS BELGÍU,

LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS,

KONUNGRÍKISINS DANMERKUR,

SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,

LÝÐVELDISINS EISTLANDS,

ÍRLANDS,

LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,

KONUNGRÍKISINS SPÁNAR,

LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,

LÝÐVELDISINS ÍTALÍU,

LÝÐVELDISINS KÝPUR,

LÝÐVELDISINS LETTLANDS,

LÝÐVELDISINS LITHÁENS,

STÓRHERTOGADÆMISINS LÚXEMBORGAR,

LÝÐVELDISINS UNGVERJALANDS,

MÖLTU,

KONUNGRÍKISINS HOLLANDS,

LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS,

LÝÐVELDISINS PÓLLANDS,

LÝÐVELDISINS PORTÚGALS,

LÝÐVELDISINS SLÓVENÍU,

LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU,

LÝÐVELDISINS FINNLANDS,

KONUNGRÍKISINS SVÍÐJÓÐAR,

HINS SAMEINADA KONUNGRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS,

sem eiga aðild að stofnsáttmála EVRÓPUBANDALAGSINS og nefnast „aðildarríki EB“ í því sem hér fer á eftir,

fulltrúar með fullt umboð

ÍSLANDS,

FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS,

KONUNGRÍKISINS NOREGS,

er nefnast „EFTA-ríkin“ í því sem hér fer á eftir,

en öll ofangreind ríki eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem var undirritaður í Óportó 2. maí 1992, og nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, og nefnast „núverandi samningsaðilar“ í því sem hér fer á eftir,

og

fulltrúar með fullt umboð

LÝÐVELDISINS BÚLGARÍU,

RÚMENÍA,

er nefnast „nýju samningsaðilarnir“ í því sem hér fer á eftir,

komu saman í Brussel hinn 25. júlí 2007 til þess að undirrita samning um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa eftirtalin skjöl hlotið samþykki þeirra:

- I. Samningur um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu (er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir)
- II. Eftirtalin skjöl sem fylgja samningnum:

Viðauki A: Skrá sem um getur í 3. gr. samningsins

Viðauki B: Skrá sem um getur í 4. gr. samningsins

Eftirtaldar sameiginlegar yfirlýsingar, sem fylgja lokagerð þessari, hafa hlotið samþykki fulltrúa með fullt umboð núverandi samningsaðila og fulltrúa með fullt umboð nýju samningsaðilanna:

1. Sameiginleg yfirlýsing um skjóta fullgildingu samningsins um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu
2. Sameiginleg yfirlýsing um hvenær bráðabirgðafyrirkomulag fellur úr gildi
3. Sameiginleg yfirlýsing um beitingu upprunareglna í kjölfar gildistöku samningsins um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu
4. Sameiginleg yfirlýsing um viðskipti með landbúnaðarafurðir og unnar landbúnaðarafurðir
5. Sameiginleg yfirlýsing um aðlögunarákvæði vegna Liechtensteins á sviði frelsis launþega til flutninga
6. Sameiginleg yfirlýsing um forgangsgeira sem um getur í bókun 38a
7. Sameiginleg yfirlýsing um fjárframlög

Fulltrúar með fullt umboð núverandi samningsaðila og fulltrúar með fullt umboð nýju samningsaðilanna hafa kynnt sér eftirtaldar yfirlýsingar, sem mynda fylgiskjöl með þessari lokagerð:

1. Almenna sameiginlega yfirlýsingu EFTA-ríkjanna
2. Sameiginlega yfirlýsingu EFTA-ríkjanna um frelsi launþega til flutninga
3. Einhliða yfirlýsingu ríkisstjórnar Liechtensteins um bókun 38a

Þeir hafa jafnframt komið sér saman um að EES-samningurinn, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og óstýttum texta allra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, verði þýddur á búlgörsku og rúmensku og fullgiltur á þeim tungumálum af hálfu fulltrúa samningsaðilanna eigi síðar en við gildistöku samningsins.

Þeir hafa kynnt sér samning í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs um samstarfsáætlun um hagvöxt og sjálfbæra þróun í Búlgaríu, sem myndar einnig fylgiskjal með þessari lokagerð.

Þeir hafa einnig kynnt sér samning í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Noregs um samstarfsáætlun um hagvöxt og sjálfbæra þróun í Rúmeníu, sem myndar fylgiskjal með þessari lokagerð.

Þá hafa þeir kynnt sér viðbótarbókun við samning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu, sem myndar fylgiskjal með þessari lokagerð.

Þeir hafa ennfremur kynnt sér viðbótarbókun við samning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands vegna aðildar Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu, sem myndar einnig fylgiskjal með þessari lokagerð.

Þeir leggja á það áherslu að samningar og bókanir, sem að ofan greinir, hafa hlotið samþykki á þeirri forsendu að þátttaka á Evrópska efnahagssvæðinu haldist óbreytt.